

REGLUGERÐ

127

1. sept.

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira,
frá 15. júlí 1941.

Í IV. kafla, 11. gr., í stað orðanna „því upprekstrarfélagi“ komi: þeim hreppi.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus“ til hjálpar bágstöddu, mállausu fólki á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1944. 128
7. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Styrktarsjóður Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus“ til hjálpar bágstöddu, mállausu fólki á Íslandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1944 af meðlimum kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík með 6500 krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda málleysingja að afloknu skólanámi.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða með kaupum á bankavaxta- eða ríkisskuldabréfum.

5. gr.

Vextir og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn að upphæð 10000 kr. Eftir það má verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins til styrktar áðurnefndum málleysingjum, en $\frac{1}{4}$ skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 20000 kr. má verja öllum ársvöxtum hans og öðrum tekjum eftir því, sem þurfa þykir, en höfuðstóllinn, 20000 kr., má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er kvennaklúbburinn Zonta í Reykjavík kys úr sínum hópi á aðalfundi til eins árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu árlega